TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI Í FEBRÚAR 2025 MKV. 1:1000

SKÝRINGAMYND, 1:2000, sýnir hvernig göngustígur frá Þúfneyri tengist við hverfið Björgin

SKÝRINGAR

- Skipulagsmörk
- Nýr vegur
- Göngustígur
- Bílastæði
- Byggingarreitur
- Dvalarsvaedi
- Lóðamörk
- Leiksvaedi
- Flotbryggja
- Byggingar til skýringar
- Bílastæði
- Háspennulína
- Sæstrengur
- Rotþró
- Gróður
- Stórgrýti
- Borð, bekkir og grill til skýringar
- Sorpflokkun
- Öryggisbúnaður

ÞÚFNEYRI – ÚTIVISTARSVÆÐI

Tillaga að deiliskipulagi

FORSENDUR

Inngangur

Þúfneyri er lítil eyri austan við þéttbýli Patreksfjarðar og rétt vestan við gömlu hreppsmörkin við Altarisberg. Þúfneyri er þekkt fyrir að varðveita leifar af norsku flutningaskipi, „Nora", sem strandaði við Geirseyrarbryggju og skolaðist hluti þess á Þúfneyri. Leifar skipsins eru nú hortnar. Á síðari árum hefur eyrin markað sér sess sem útivistarsvæði fyrir m.a. sjósund og annað vatnasport.

Staðarhættir

Eyrin sjálf er slétt en nokkuð bratt er niður að henni frá Barðarstrandarvegi (62) sem liggur fyrir ofan hana. Frá Barðarstrandarvegi liggur í dag vegslóði skáhalt niður á eyrina. Eyrin er að mestu grasigróin og lítil tjörn er vestanvert í henni. Á austanverðri eyrinni er fingerð malarfjara. Þar hefur skapast hefð fyrir sjósund.

Í Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2018-2035 er svæðið skilgreint sem opið svæði, OP14 og um það segir: Svæðið er ætlað til útivistar með takmarkaðri umferð. Svæðið er nokkuð mikið notað undir vatnasport og sjósund og er heimiluðu uppbygging sem styður þá starfsemi. Frekari uppbygging komi fram í deiliskipulagi.

Orkubúi Vestfjarða hefur verið úthlutuð lóð á eyrinni undir spennistöð fyrir landtengingu fóðurpramma fyrir laxeldi. Lóð þessi er staðsett ofarlega fyrir miðri eyrinni eins og sést á uppdrætti.

Aðkoma og stígar

Aðkoma að svæðinu er frá þjóðvegi 62 (Barðarstrandarveg) sem er skilgreindur sem stofnvegur samkvæmt aðalskipulagi Vesturbyggðar 2018-2035. Í dag liggur aðkomuvegurinn austan megin við eyrina en deiliskipulagstillagan leggur til að hann verður færður vestan megin við hana.

Lagt er til að göngustígur verður lagður í hring um svæðið sem tengir saman bílastæði, dvalarsvæði/áningarsvæði, frístundalóðir og leiksvæði. Tú hliðar við aðkomuveg niður á eyrina er göngustígur sem tengist við hringstíginn. Þessi stígur heldur í hina áttina áfram út fjörðinn alla leið að Björgunum.

Lega stíga er leiðbeinandi á uppdrætti og verða útfærðir nánar á hönnunarstigi.

Bílastæði

Aðkomuvegur liggur niður á eyrina. Til hliðar við tjörnina er gert ráð fyrir bílastæði fyrir 10 fólksbíla. Vegurinn heldur síðan áfram niður að þjónustuaðstöðu og dvalarsvæði en þar er bílastæði fyrir hreyfihamlaða ásamt fjórum fólksbílastæðum til að tryggja aðgengi fyrir alla.

Áningarstaður

Fyrir ofan malarfjöruna á austanverðri eyrinni er gert ráð fyrir áningarstað. Þar má koma fyrir bekkjum og/ eða bekkjaborðum ásamt grillaðstöðu, upplýsingaskiltum um svæðið o.s.frv. Áningarsvæði skal vera aðgengilegt öllum. Á suðvesturhluta eyrarinnar er gert ráð fyrir minni áningarstað fyrir nestisaðstöðu eða borðum og bekkjum.

Leiksvæði

Sunnan við vatnið er gert ráð fyrir leiksvæði. Leiksvæðið er tæplega 300 m². Vestan við leiksvæðið er gert ráð fyrir gróðri til skjólmyndunar.

Stórgrýti

Gert er ráð fyrir stórgrýti á nokkrum stöðum á eyrinni sem nýtist bæði til leiks og á sumum stöðum sem hindrun fyrir umferð.

Lýsing

Öll lýsing á Þúfneyri skal vera lágstemmd til að forðast ljósmengun.

Áhrifamat

Deiliskipulagið er talið hafa jákvæð áhrif á samfélagið. Verið er að bæta aðstöðu fyrir útivistarfólk sem notar svæðið og á sama tíma að vernda svæðið fyrir óþarfa átroðningi með því að beina fólk inn á gönguleið um svæðið. Með þessu er verið að ýta undir jákvæð samfélagsleg áhrif með bættu aðgengi að útivist. Auknum útivistarmöguleikum með stígagerð, áningarstöðum, þjónustuhúsi, frístundahúsum, hjöllum og leiksvæði. Áhrif á svæðið eru óveruleg eða jákvæð því að eins og staðan er í dag keyra bílar lengra inn á eyrina. Verið er því að vernda ákveðin svæði á eyrinni með því að koma fyrir bílastæði ofarlega á henni og göngustígum sem leiða umferð gangandi um svæðið og á sama tíma fær hún meira notagildi og stuðlar að jákvæðri samfélagsþróun fyrir svæðið.

Fornleifaskráning fyrir svæðið er á dagskrá. Ef minjar finnast á framkvæmdartíma skal skv. 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar (nr 80/2012) gera eftirfarandi : *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Deiliskipulagstillagan verður send Minjastofnun Íslands til umsagnar.

SKIPULAGSTILLAGA OG SKILMÁLAR

Markmið

Markmið deiliskipulagsins er að vinna skipulag að svæðinu til að móta stefnu þess hvað varðar uppbyggingu lóða, stíga, áningarstaða, bílastæða, leiksvæðis o.fl. Þetta er gert til að vernda þá náttúru og dýralíf sem til staðar er á eyrinni og stýtja á sama tíma við þá útivist sem skapast hefur þar.

Afmörkun skipulagssvæðis

Deiliskipulagssvæðið er alls um 7 ha að stærð og nær til eyrarinnar sjálfrar ásamt þar sem núverandi aðkomuvegur liggur, þar sem lagt er til að nýr aðkomuvegur verði og þess hluta Barðarstrandarvegar sem liggur fyrir ofan eyrina.

Þjónustuaðstaða

Til hliðar og ofan við stærri áningarstaðinn er staðsettur byggingarreitur fyrir þjónustuhús. Þjónustuhúsið skal innihalda salerni ásamt búningsaðstöðu fyrir 12 manns. Lóð áningarstaða og þjónustuhúss er 318 m² og hámarksbyggingarmagn er 150 m².

Útivistareitir

Á svæðinu er átta útivistarlóðir. Fjórar eru staðsettar sunnan megin á eyrinni til hliðar við lóð stærri áningarstaðarins og fjórar eru staðsettar vestan megin á eyrinni við göngustíg milli minni áningastaðar og leiksvæðis. Á þessum lóðum er heimilt að setja upp aðstöðu fyrir t.a.m. gufubað, kayakgeymslu og aðra útivistarstarfsemi. Hámarksbyggingarmagn á þessum lóðum er 15m². Lóðir útivistareita sunnan megin eru 64m² að stærð hver og lóðir útivistareita vestan megin eru 48m² hver.

Vakin er athygli á því að lóðir útivistareita og þjónustuhúss er það nærri sjó að sækja þarf um undanþágu frá skipulagsreglugerð og hafa samráð við Vegagerðina um ákvörðun lægstu gólfhæða bygginga samkvæmt 5.3.2.18 gr. skipulagsreglugerðar.

Harðfiskshjallar

Fyrir framan stærra bílastæðið verða fjórar lóðir fyrir harðfiskhjalla/ frístundahjalla. Hver lóð er 64m² en hámarksstærð hjalla er 15m².

Allar byggingar á eyrinni skulu hafa samræmt útlit. Hámarks mænishæð er 3,5m og risþak skal vera á byggingunum með 45 gráðu halla.

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi viðákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt
í_____ þann
_____ 20 __ og
í_____ þann
_____ 20__.

Tillagan var auglýst frá_____20__ með athugasemdafresti til _____ 20__.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt i B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__.

_____

BR.	DAGS.	BREYTING	TEKN.

N

0 50m 100m

VESTURBYGGÐ
VÉRKNAÚM - HÖNNUNARNÚM - ÞRÁ

LANDMÓTUN ehf. HVAMMABRAUT 13 - 220 HÖFNUM/SÚÐIR | S: 575 5300 - KT: 561204-2760 NETF: landmotun@landmotun.is

ÞÚFNEYRI

TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI

DEILISKIPULAG - SKÝRINGARUPPDRÁTTUR	SKIPULAG: ÖÖG, EP TEIKNAÐ: EP SAMÞYKKT: KT:	
KVARÐI 1: 1000 / 1:200 A1	KÓPAVOGUR	DAGS: 18.03.2026
VERKNR. DU2502	TEIKN. NR. 01	BR.